

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/16

frá 22. desember 2006

um samþykkt viðbragðsáætlanu um varnir gegn gin- og klaufaveiki samkvæmt tilskipun ráðsins 2003/85/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2006) 6855)

(2007/18/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 3) Búlgaría og Rúmenía gerast aðilar að Bandalaginu 1. janúar 2007. Því hafa Búlgaría og Rúmenía sent framkvæmdastjórninni til samþykktar viðbragðsáætlanir sínar um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 4) Þessar viðbragðsáætlanir, eins og Búlgaría og Rúmenía breyttu þeim með hliðsjón af tillögum sem komu fram við mat á þeim, uppfylla þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/85/EB og gera kleift, með fyrirvara um reglubundna uppfærslu og skilvirka framkvæmd, að ná tilætluðum markmiðum og því ber að samþykkja þær.

með hliðsjón af aðildarsáttmála Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu, einkum 3. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu, einkum 56. gr.,

- 5) Til glöggvunar á löggjöf Bandalagsins skal ákvörðun 2004/435/EB felld úr gildi og þessi ákvörðun koma í hennar stað.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins til að verjast gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EB⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 72. gr.,

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

- 1) Í tilskipun 2003/85/EB eru tilgreindar þær varnarráðstafanir sem beita á ef upp kemur gin- og klaufaveiki og tilteknar forvarnarráðstafanir sem miða að því að auka vitund og viðbúnað lögbærra yfirvalda og landbúnaðarsamfélagsins að því er varðar þann sjúkdóm. Samkvæmt þessari tilskipun ber framkvæmdastjórninni að samþykkja viðbragðsáætlanir aðildarríkjanna um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

1. gr.

Viðbragðsáætlanirnar um varnir gegn gin- og klaufaveiki, sem Búlgaría sendi framkvæmdastjórninni 7. nóvember 2006, eru samþykktar.

- 2) Í kjölfarið voru þessar viðbragðsáætlanir samþykktar, með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/435/EB frá 29. apríl 2004 um að samþykkja tilteknar viðbúnaðaráætlanir um varnir gegn gin- og klaufaveiki⁽²⁾, fyrir Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Möltu, Pólland, Slóveníu og Slóvakíu og eru þessi aðildarríki skráð í viðaukann við þá ákvörðun.

2. gr.

Viðbragðsáætlanirnar um varnir gegn gin- og klaufaveiki, sem Rúmenía sendi framkvæmdastjórninni 9. nóvember 2006, eru samþykktar.

3. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 7, 12.1.2007, bls. 36. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á um breytingu á ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 10.4.2008, p. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun 2006/552/EB (Stjtið. ESB L 217, 8.8.2006, bls. 29).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 154, 30.4.2004, bls. 56; leiðrétt í Stjtið. ESB L 189, 27.5.2004, bls. 45.

Í viðaukanum er skrá yfir aðildarríki sem hafa fengið viðbragðsáætlanir sínar um varnir gegn gin- og klaufaveiki samþykktar samkvæmt tilskipun 2003/85/EB.

4. gr.

Ákvörðun 2004/435/EB er felld úr gildi.

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um og frá og með gildistökudegi laga um aðild Búlgaríu og Rúmeníu.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Skrá yfir aðildarríki eins og um getur í 3. gr.

Kóði	Land
BG	Búlgaríá
CY	Kýpur
CZ	Tékkland
EE	Eistland
HU	Ungverjaland
LV	Lettland
LT	Litháen
MT	Malta
PL	Pólland
RO	Rúmenía
SI	Slóvenía
SK	Slóvakía